

Hæfileikamótun drengja + Norðurlandamót drengja

Alek Ramezanpour landsliðsþjálfari drengja og hæfileikamótunarþjálfari vill koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

Hæfileikamótun drengja verkefnið fer af stað á allra næstu dögum. Fyrsta æfingin verður haldin **15. apríl** næstkomandi kl. 09:00-12:00 í Fimleikafélaginu Björk. Skráning á æfinguna fer fram [hér](#). Þeir sem komast ekki á fyrstu æfinguna geta samt tekið þátt á næstu æfingum – þeir drengir eru beðnir um að skrá sig núna og upplýsa Alek um það að þeir komist ekki á fyrstu æfinguna.

Viðmið á æfinguna eru eftirfarandi:

- Drengir fæddir 2011 og fyrr
- Drengir sem hafa lokið við 3. þrepi
- Ef þjálfarar eru óvissir hvort iðkandi uppfylli viðmiðin þá er þeim bent á að heyra beint í Alek, alekramezanpour@gmail.com

Haldnar verða fleiri hæfileikamótunaræfingar seinna á árinu.

Norðurlandamót drengja er samvinnuverkefni norðurlandapjóðanna og haldið með Norðurlandamóti unglinga, annað hvert ár (oddatölu ár). Stefnir Ísland að þátttöku í flokkinum í ár. Mótið er haldið í Aalborg, Danmörku, dagana **5.-8. júní 2025**.

Kröfur fyrir verkefnið eru eftirfarandi:

- Drengir fæddir 2011-2012
- 6 mómént á að minnstakosti þremur áhöldum, að stökki undantöldu.

Litið verður til Bikarmóts, Íslandsmóts og úrtökumóts við val á landsliði.

Úrtökumót fyrir verkefnið fer fram **30. apríl** – staðsetning fer eftir framboði. **31. maí** æfir svo landsliðið saman.